

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans um vörutoll af póstbögglum.**38**

Þjer hafið herra póstmeistari, í brjefi 14. þ. m., skýrt frá því, að þjer **24. mars** hingað til hafið skilið svo 2. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins, skyldi greiða 15 aura og nú, samkv. lögum nr. 22, 20. okt. 1913, um breytingu á vörutollslögnum, 30 aura af hverjum böggli, nema af böggjum þeim, sem undanskildir eru í sömu lagagrein, það er að segja endursendum böggjum og böggjum með prentuðum blöðum og bókum. En nú sje því haldið fram af manni, er þjer nafngreinið, að þessi skilningur yðar á vörutollslögnum sje eigi rjettur, því að samkv. 1. gr. nefndra vörutollslaga eigi póstbögglar með vörum, sem sjerstaklega er lagður tollur á, einnig að vera undanþegnir þessu 30 aura gjaldi. Hafið þjer því lagt ágreining þennan undir úrskurð stjórnarráðsins.

Í 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, 1. málgr., er svo ákveðið, að af vörum, sem fluttar eru til Íslands og *ekki* eru sendar í pósti, skuli greiða vörutoll, nema um þær vörur sje að ræða, sem sjerstaklega er lagður tollur á, og ræðir öll greinin um þessar vörur, það er þær, sem ekki eru sendar í pósti. En um vörur þær, er í pósti eru sendar, ákveður 2. gr. nefndra laga, að 15 aura (nú 30 aura) skuli greiða af hverjum póstböggli, sem kemur til landsins, nema hann sje endursendur, eða innihaldi prentuð blöð eða bækur, og ákvæði greinarinnar er svo alment, að það verður að gilda um alla póstbögglar, hvort heldur innihald þeirra er vara, sem sjerstaklega hefir verið lagður tollur á, eða eigi.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um viðbótarlán úr landssjóði handa Brjáns-lækjarprestakalli.**39****27. mars**

Með brjefi, dags. 31. desbr. f. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi sóknarprestisins að Brjánslæk, síra Bjarna prófasts Símonarsonar, þar sem hann beiðist lánshækkunar, 2000 kr., til hins nýbygða íbúðarhúss úr steini á prestssetrinu samkvæmt lögum 20. oktbr. f. á.

Með tilliti til þess að íbúðarhús þetta samkvæmt skoðunargjörð, er fram fór síðastliðið haust, er talið hið vandaðasta að öllum frágangi og af skoðunarmanninum virt á 8500 kr., hefir stjórnarráðið ákveðið samkvæmt nýnefndum lögum að veita sóknarprestinum 2000 króna viðbótarlán, gegn því að húsinu verði eftirleiðis haldið vátrygðu fyrir 8500 kr., og fyrningargjald borgað af því eftirleiðis, í fyrsta skifti í næstkomandi fardögum, með kr. 42.50.

Ennfremur er eftir tillögum húsagerðarmeistara Rögnvaldar Ólafssonar það skilyrði sett, að presturinn setji nærglugga (þ. e. innri skjólglugga) fyrir glugga á íbúðarherbergjum, og þeir fylgi húsinu eftirleiðis, að þak og veggir

39 verði málaðir oliufarfa að utan, og húsinu yfirleitt viðhaldið eftir þeim reglum,
27. mars er síðar verða settar um viðhald prestsseturshúsa.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

40 **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um endurgjald á**
31. mars sveitarstyrk.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir lagt undir úrskurð stjórnarráðsins ágreiningsmál milli hans, yðar, herra sýslumaður, og sýslumannsins í Árnassýslu, um endurgjald á fátækrastryrk, veittum í Reykjavíkurkaupstað veturinn 1912—1913 Guðlaugu nokkuri Pjetursdóttur.

Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, fór Guðlaug þessi, sem var vistráðið hjú á Stóranúpi í Gnúpverjahreppi í Árnassýslu, til Reykjavíkur haustið 1912 með leyfi húsbænda sinna til að leita sjer þar lækninga; dvaldi hún um hrið á Bræðraborgarstíg 1 hjer í bænum, en 12. desbr. s. á. varð hún svo sjúk, að hjer- aðslæknir taldi óhjákvæmilegt að leggja hana á sjúkrahús, og var hún þá með ábyrgð fátækra sjóðs Reykjavíkur sem þurfandi lögð á Sct. Jósefs spítala hjer nefndan dag, og lá þar samfleytt til 26. febr. f. á. Sökum sjúkleika hennar varð æfiferilsskýrsla ekki af henni tekin fyr en 31. jan. s. á., og með því að það var af skýrslunni ljóst, að þurfalingurinn væri sveitlæg í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu sendi borgarstjóri yður tilkynning um styrkveitiuguna, og beiddist viðurkenningar um, að þurfalingurinn væri sveitlæg í Landmannahreppi, og vidurkendi hreppsnefnd þess hrepps strax sveitfesti hennar þar í hreppi. Síðan sendi borgarstjóri yður reikninga yfir fátækrastryrkinn, sem alls námu 141 kr., og beiddi yður að innheimta styrkinn að fullu hjá Landmannahreppi, þarsem hann virðist líta svo á, að Gnúpverjahreppur hafi komið þurfalingnum hingað til lækninga. Þjer færðust hinsvegar undan að skylda Landmannahrepp til þessa, og tölduð hann ekki myndi eiga að greiða meira en $\frac{2}{3}$ styrksins, en álituð annars að málið að svo komnu væri mál milli Reykjavíkurkaupstaðar og Gnúpverjahrepps, þar sem þurfalingurinn átti lögheimili, sem dvalarhrepps hennar. Að svo búnu sneri borgarstjóri sjer til sýslumannsins í Árnassýslu og beiddist þess, að hann krefði allan styrkinn endurgreiddan af dvalarsveit þurfalingsins, Gnúpverjahreppi, en sýslumaður kveður þeim hreppi þetta mál óviðkomandi, þar sem hreppsnefnd þess hrepps engin afskifti hafi haft af stúlku þessari eða för hennar til Reykjavíkur, enda verði sá hreppur ekki skoðaður dvalarsveit stúlkunnar, heldur Reykjavíkurbær, sú sveit, er hún dvaldi í þegar hún varð styrksþurfi og þáði styrk með áðurnefndri ábyrgð bæjarins. Með því að á þetta verður að fallast, enda engin líkindi fyrir því eftir því sem upplýst er og áður greinir, að Gnúpverjahreppur hafi átt hlut í för stúlkunnar til Reykjavíkur, verður að fría Gnúpverjahrepp frá endurgjaldskröfu, en skylda framfærslusveitina til að endurgreiða þá $\frac{2}{3}$ hluta styrksins, sem Reykjavík sem dvalarsveit á endurgjaldskröfu á.